# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 351. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 9. desember 2021 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar** **kl. 16:00**.

**Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**

1) Fundargerð 328. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 25. nóvember 2021.
2) Fundargerð 154. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 30. nóvember 2021.
3) Fundargerð 155. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 7. desember 2021. Fundargerðin verður lögð fram á fundinum, en rætt var um deiliskipulag ferðaþjónustu á Gíslabæ, Hellnum (meðfylgjandi).
4) Fundargerð fræðslunefndarfundar, dags. 5. október 2021.
5) Fundargerð 197. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 9. nóvember 2021.
6) Fundargerð 165. fundar stjórnar SSV, dags. 17. nóvember 2021.
7) Fundargerð 903. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. nóvember 2021.
8) Fundargerð 439. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 12. nóvember 2021.
9) Bréf frá Kára Viðarssyni, dags. 29. nóvember 2021, varðandi sjóböð í Krossavík.
10) Bréf frá Einari M Gunnlaugssyni, dags. 16. nóvember 2021, varðandi úrsögn úr menningarnefnd.
11) Bréf frá Lárusi Skúla Guðmundssyni, dags. 26. nóvember 2021, varðandi vatnsskatt og drasl á lóðum.
12) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. nóvember 2021, varðandi breytt skipulag barnaverndar.
13) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. nóvember 2021, varðandi uppfærslu svæðisáætlana vegna lagabreytinga.
14) Samþykkt bæjarstjórnar Snæfellsbæjar vegna lántöku Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.
15) Lántaka Snæfellsbæjar hjá Lánasjóði sveitarfélaga.
16) Skilabréf og álit samstarfsnefndar um sameiningu Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar.
17) Gjaldskrár Snæfellsbæjar 2022.
18) Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans árið 2022. Seinni umræða.
19) Þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar 2022-2025.
20) Minnispunktar bæjarstjóra.

**Snæfellsbæ, 7. desember 2021**
**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

**328. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 25. nóvember 2021 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:00.**

**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir
Björn H Hilmarsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að því búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

1) **Bréf frá íþrótta- og æskulýðsfulltrúa, dags. 15. september 2021, varðandi tilfærslu á fjármunum og aukafjárveitingu vegna launakostnaðar í sundlaug og íþróttahúsi.**
Bæjarráð samþykkti erindið samhljóða. Aukafjárveitingin verður tekin af liðnum Ófyrirséð.

2) **Umsókn frá Auði Hilmarsdóttir, dags. 12. nóvember 2021, að fá að halda hundinn Fífí Dúfa.**
Bæjarráð samþykkti umsóknina samhljóða.

3) **Bréf frá bæjarstjóra, dags. 18. nóvember 2021, varðandi heimild til að taka þátt í hlutafélaginu Snældu.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að taka þátt í hlutafélaginu Snældu.

4) **Bréf frá Guðrúnu Magneu Magnúsdóttur, dags. 10. nóvember 2021, varðandi endurnýjun á Earth Check platinumvottun Snæfellsness.**
Lagt fram til kynningar.

5) **Bréf frá leikskólastjóra, dags. 1. nóvember 2021, varðandi ósk um aukið stöðugildi vegna stuðnings við barn. Trúnaðarmál.**
Erindið var lagt fram á fundinum.
Bæjarráð samþykkti sammála að fela bæjarstjóra og bæjarritara að skoða málið betur og fresta afgreiðslunni þar til sú skoðun er búin.
Fært í trúnaðarmálabók.

6) **Þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar, 2023-2025.**
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar 2023-2025, og samþykkti samhljóða að vísa tillögunni til samþykktar í bæjarstjórn.

7) **Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2022.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2022 til seinni umræðu í bæjarstjórn.

8) **Gjaldskrár Snæfellsbæjar fyrir árið 2022.**
Bæjarráð staðfesti tillögu að gjaldskrám Snæfellsbæjar fyrir árið 2022 og samþykkti samhljóða að vísa tillögunni til seinni umræðu í bæjarstjórn.

9) **Styrkúthlutanir og styrkbeiðnir fyrir árið 2022.**
Bæjarráð staðfesti tillögu að styrkveitingum fyrir árið 2022 og samþykkti samhljóða að vísa tillögunni til seinni umræðu í bæjarstjórn.

10) **Framkvæmdaáætlun og beiðnir stofnana fyrir árið 2022.**
Bæjarráð staðfesti tillögu að fjárfestingum Snæfellsbæjar á árinu 2022 og samþykkti samhljóða að vísa tillögunni til seinni umræðu í bæjarstjórn.

**11) Minnispunktar bæjarstjóra.**

a) Bæjarstjóri fór yfir vinnu við Brunavarnaáætlun Snæfellsbæjar.
b) Bæjarstjóri gerði bæjarráði grein fyrir stöðu mála vegna covid smits í Snæfellsbæ.

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:38**

Júníana Björg Óttarsdóttir

~~Auður Kjartansdóttir~~

Fríða Sveinsdóttir

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 154154. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 30. nóvember 2021 og hófst hann kl. 09:30.**

**Fundinn sátu:**
Drífa Skúladóttir, Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir og Ragnar Már Ragnarsson.

**Fundargerð ritaði:** Ragnar Már Ragnarsson, Byggingarfulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. Gíslabær_ASK - Breytingar á aðalskipulagi Snæfellsbæjar, Hellnum - 2006008**

Tillaga að breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 á Hellnum er lögð fram til samþykktar. Gerðar hafa verið breytingar vegna fram kominna ábendinga frá Skipulagsstofnun, slökkviliðsstjóra og umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar. Tillaga að deiliskipulagi fyrir hluta jarðarinnar Gíslabæjar er auglýst samhliða aðalskiplagsbreytingu.

*Málinu frestað.*

*Frestað*

**2. Gíslabær_DSK_Deiliskipulagstillaga - 2104001**

Tillaga deiliskipulags fyrir hluta jarðarinnar Gíslabæjar á Hellnum. Gerðar hafa verið breytingar á tillögunni vegna ábendinga og óska umhverfis- og skipulagsnefndar Snæfellsbæjar. Í tillögunni er gert ráð fyrir íbúðahóteli neðan vegar og allt að 8 smáhýsum ofan vegar. Tillaga þessi er auglýst samhliða tillögu að breytingu aðalskipulags og liggja allar megin forsendur deiliskipulags þessa í aðalskipulagsbreytingunni.

*Málinu frestað og óskað eftir frekari gögnum s.s sniðmyndum í landi og þrívidd af smáhýsum.*

**3. Grundarbraut 1_Umsókn um byggingarleyfi fyrir bílgeymslu - 2002004**

Lagðir fram uppdrættir af fyrirkomulagi A og B sem sýnir afstöðu húss og bílskúrs á lóð að Grundarbraut 1. Báðar tillögur sýna skráða lóðarstærð.

*Samþykkt að velja tillögu A með tilliti til frekari breytingum á lóðarmörkum Mýrarholts 3 og 5. Gengið verði frá lóðarblaði.*

**4. Malarrif_Breyting á innra skipulagi, bæta við 1,3 fm anddyri, breyta glugga í svalahurð og bæta við björgunaropi í svefnherbergi - 2111010**

Jökull Helgason sækir fyrir hönd Ríkissjóðs Íslands um byggingarleyfi fyrir breytingum á einbýlihúsi hans á Malarrifi, Snæfellsbæ. Um er að ræða viðhald, breytingu á innra skipulagi hússins og útliti. Útihurð er færð svo að anddyri stækkar um 1,3 fm. Einnig er fyrirhugað að breyta glugga í stofu í svalahurð og bæta við björgunaropi í glugga í

svefnherbergi á norðurhlið hússins.

*Samþykkt með fyrirvara um að endanlegum gögnum verði skilað.*

*Samþykkt*

**5. Lárus Skúli Guðmundsson sendir inn bréf til byggingarnefndar - 2111011**

Lárus Skúli Guðmundsson sendir byggingarnefnd bréf.

*Bréfið kynnt og rætt. Byggingarfulltrúa falið að afla gagna fyrir nefndina fyrir næsta fund.*

*Kynnt*

**6. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2021 - 2101004**

*Birkisól ehf óskar eftir leyfi til að setja upp skilti utan á húsið að Fellaslóð 2, Arnarstapa. Nefndin samþykkir erindið en leggur áherslu á að skiltið nái ekki upp fyrir þakmæni.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .** 11:50

# **Fræðslunefndarfundur** 05.10.21.

**Mættir:**
Þorbjörg
Zekira
Monika
Ari
Hilmar
Kristín
Hermína
Linda
Valentina

- Grunnskólinn

MMS - halda betur um nemendur af erlendum uppruna.
Viðhald – verið er að skoða allt viðhald og hvað þarf að laga.
Skólareglur - jákvæður skólabragur – símanotkun. Búið er að uppfæra skólareglurnar og vill skólinn að það sé jákvæður skólabragur. Ákveðið var að hafa einn símalausan dag í viku og svo í framhaldinu verður bætt við degi, en stefnt er að því að hafa símalausan skóla eftir áramót.
Samstarf við þjóðgarðinn er gott.
Forvarnarteymi - fræðsla um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi.

- Leikskólinn

Í leikskóla Snæfellsbæjar eru 87 börn sem deilast á báða leikskóla.
Leikskólinn vinnur með leikur að læra og lubba.
Heilsueflandi leikskóli, allur matur frá grunni.
Leikskólastjóri lýsir yfir áhyggjum um stöðu leikskóla almennt. Leikskólar eru ekki samkeppnishæfir við Grunnskólann td varðandi frí og vinnutíma, og er erfitt að fá starfsfólk, bæði menntað og ómenntað.
Leikur að læra nýliðanámskeið og hausthvatning verður 21.10.21.
12. og 13. okt verða foreldrafundir.
1.nóv fáum við brúarsmiði og hóp frá miðju máls og læsis.
10.Nóv. Bjartur Guðmundsson kemur og hvetur starfsfólk - hópefli.
Væntanleg fræðsla frá samtökum 78 um kynhneigð og fleira í nóv.
Viðhald - þarf að gera ýmislegt - vantar húsvörð! Spurning hvort það væri hægt að sameina með Jaðri td.

- Tónlistarskólinn

Allt gott í tónlistarskólanum. 71 nemendur.
Kenna á 3 stöðum, Lýsuhólsskóla, Hellissandi og Ólafsvík, allt gengur vel.
Tónfundir á næstu vikum og það verða jólatónleikar, ef allt verður gott vegna covid, í byrjun des.
Einn nemandi tók miðstigspróf í vor og gekk vel. Annar nemandi er í lúðrasveit í Stykkishólmi.



**Fundargerð 197. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga** **Opinber útgáfa!**

| | |
|---|---|
| *Fundarstaður;* | Fundarstaður: „Teams-fjarfundarbúnaður" |
| *Dagsetning;* | þriðjudagur 9. nóvember, 2021 kl. 16.30 |
| *Mættir:* | *Ragnheiður Dröfn Benediktsdóttir, Hermína Kristín Lárusdóttir, Birta Antonsdóttir, formaður, Sigrún Þórðardóttir, Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir, yfirfélagsráðgjafi FSS og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS.* |

**Dagskrá:** **Meðferð máls**

**1.** Birta Antonsdóttir, formaður, setur fund og stýrir.

**2. Málefni , skv. lögum um barnavernd** *kynning – umræða – afgreiðsla*

*(...fært í trúnaðarbók félagsmálanefndar)*

**3. Málefni, skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga** *kynning – umræða – afgreiðsla*

*(...fært í trúnaðarbók félagsmálanefndar)*

**4. Málefni , skv. lögum og reglugerð um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla**

*kynning – umræða – afgreiðsla*

a) Stjórn FSS hefur samþykkt að efna til fundar með skólastjórnendum leik – og grunnskóla við upphaf næsta árs.

b) Umræða um skólaþjónustu FSS

c) Farsældarfrumvarpið kynnt; umræður.

**5. Önnur mál** *kynning – umræða*

a) Næsti fundur nefndararinnar, nr. 198, verður haldinn í Ráðhúsi Grundarfjarðarbæjar þriðjudaginn 7. desember kl. 16.30. Hamli sóttvarnir þeim fundi verður hann færðu á Team-fjarfundaheimilið.

b) Forstöðumaður greindi frá vígsludegi búsetuþjónustukjarnans 1. desember n.k. og undirbúningi að starfsemi og rekstri.

c) Félagsmálanefnd Snæfellinga lýsir áhyggjum sínum af hugmyndum um fækkun lögreglumanna á staðbundnum vöktum lögreglunnar á Snæfellsnesi. Nái þær fram að ganga lengdist útkallstími lögreglu á vettvang.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 18.15
Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

# 165 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 17 nóvember 2021 kl.09.30 að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi og í fjarfunda búnaði.

Mætt voru; Lilja B. Ágústsdóttir, Einar Brandsson, Ástríður Guðmundsdóttir, Sif Matthíasdóttir, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson, Björn Hilmarsson og Atli Svansson. Bára Daðadóttir og Eyjólfur I. Bjarnason tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfunda búnað. Brynja Þorbjörnsdóttir boðaði forföll en varamaður hennar hafði ekki tök á að mæta.

Lilja B. Ágústsdóttir, formaður SSV, setti fund kl.09.30

**1. Fundargerð 164 fundar stjórnar SSV**
Formaður lagði fram fundargerð frá 164 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

**2. Fundargerð frá Haustþing SSV 2021**
Lögð fram fundargerð og ályktanir frá Haustþing SSV 2021 sem fram fór í Dalabyggð miðvikudaginn 29 september n.k. Stjórn gerði ekki athugasemdir við fundargerðina og fól framkvæmdastjóra að kynna fundargerð og ályktanir fyrir þingmönnum Norðvesturkjördæmis og viðkomandi ráðuneytum.

**3. Verkefni sem SSV var falið á Haustþingi 2021**
Á haustþingi var SSV falið að vinna að ákveðnum verkefnum/viðburðum sem komu fram í ályktunum eða áætlunum. Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað um hvernig SSV muni bregðast við þessum verkefnum. Verkefnin eru þessi:

- Vinna loftlagsáætlun fyrir sveitarfélögin á Vesturlandi; framkvæmdastjóra falið að ræða við sveitarfélögin um þessa vinnu.
- Standa fyrir ráðstefnu um sameiningar sveitarfélaga; stjórn samþykkti að standa fyrir ráðstefnu um sameiningar sveitarfélaga um mánaðarmótin febrúar/mars 2022.
- Standa fyrir kynningarfundi um farsældarfrumvarpið; framkvæmdastjóra falið að dagsetja fundinn í samráði við framkvæmdastjóra sveitarfélaga á Vesturlandi

**4. Breiðafjarðarverkefni**
Stjórn SSV hefur skrifað undir samning við umhverfisráðuneytið um verkefni um verndun Breiðarfjarðar og eflingu byggða við fjörðinn. Í tengslum við það hefur ráðuneytið heimilað

Náttúrustofu Vesturlands að auglýsa eftir starfsmanni í 100% starf fyrir Breiðafjarðarnefnd. Stjórn bókaði eftirfarandi vegna þessa
„Stjórn SSV fagnar því að umhverfisráðuneytið hafi heimilað Náttúrustofu Vesturlands að auglýsa eftir starfsmanni fyrir Breiðafjarðarnefnd í 100% stöðugildi. Það mun m.a. verða hlutverk þessa starfsmanns að vinna að verkefninu „Forsendugreining fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðaþróun" sem SSV er aðili að. Því vill stjórn SSV beina því til Náttúrustofu Vesturlands að mikilvægt sé að sá aðili sem ráðinn verður í starfið hafi innsýn í helstu þætti sem stuðla að jákvæðri byggðaþróun, en það kom því miður ekki fram í auglýsingu."

5. **Brothættar byggðir**

Byggðastofnun tilkynnti nýverið að Dalabyggð hefur verið tekin inn í verkefnið Brothættar byggðir. Gert er ráð fyrir að SSV verði aðili að verkefninu sem unnið er undir stjórn Byggðastofnunar. Stjórn samþykkti aðkomu SSV að verkefninu.

6. **Byggðaáætlun; verkefnið C1**

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið mun á næstu dögum auglýsa eftir umsóknum í verkefnið C1 „Sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða" sem er hluti af byggðaáætlun. Stykkishólmsbær hefur óskað eftir því að SSV sæki um stuðning til þess að vinna að eflingu atvinnulífs í kjölfar þess að fyrirtækið Ágústsson sagði upp á fjórða tug starfsmanna s.l. sumar, en vegna þess hefur verið starfandi vinnuhópur skipaður fulltrúum Stykkishólmsbæjar, Byggðastofnunar og SSV sem vinnur að tillögum um eflingu atvinnulífs í bæjarfélaginu. Nokkur umræða varð um hvernig best sé að standa að umsóknum í þetta verkefni og hvernig beri að forgangsraða þeim, en markmið með þessari stuðningsaðgerð er að styðja við svæði sem standa höllum fæti.
Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að vinna tillögu að umsókn, með hliðsjón af erindi Stykkishólmsbæjar, sem verður lögð fyrir stjórn SSV.

7. **Samningur við Sorpurðun Vesturlands**

Lagður fram samningur til staðfestingar um þjónustu SSV við Sorpurðun Vesturlands hf. Stjórn staðfesti samninginn.

8. **Umsóknir um styrki úr verkefninu almenningssamgöngur um allt land**

SSV sótti um tvo styrki í verkefnið Almenningssamgöngur um allt land sem er hluti af byggðaáætlun. SSV fékk 12. m.kr. styrk fyrir tilraunaverkefni í Borgarfirði þar sem verið er að samþætta skóla- og tómstundaakstur annars vegar og akstur „Landsbyggðarstrætós" hins vegar. Einnig fékk SSV 2. m.kr. styrk til að útfæra frekar tillögu um samþættingu skóla- og tómstundaaksturs og akstur „Landsbyggðarstrætós" á Snæfellsnesi. Framkvæmdastjóri óskar eftir heimild til þess að framlengja samning við VSÓ um verkefnið á Snæfellsnesi. Stjórn fagnaði

þeim styrkveitingum sem féllu í skaut Vesturlands og heimilaði framkvæmdastjóra að ganga til samninga við VSÓ um áframhaldandi ráðgjafavinnu við verkefnið á Snæfellsnesi.

**9. Samningur við Háskólann á Bifröst**

Lagður fram til staðfestingar samningur við Háskólann á Bifröst um samstarf varðandi rannsóknir í byggða- og sveitarstjórnarmálum. Stjórn staðfesti samninginn.

**10. Sóknaráætlun Vesturlands**

Rætt um fund samráðsvettvangs sóknaráætlunar sem fer fram síðar sama dag.

**11. Verkefnið „Allir vinna"**

SSV hafa borist ábendingar frá sveitarfélögum á Vesturlandi um mikilvægi þess að framlengja verkefnið Allir vinna fram á árið 2022. Stjórn bókaði eftirfarandi;

„Að mati stjórnar SSV hefur verkefni stjórnvalda „Allir vinna" skilað góðum árangri og skapað aukna atvinnu í kjölfar Covid-19. Fjölmargir hafa ráðist í framkvæmdir við fasteignir sínar og nýtt sér þann afslátt af virðisaukaskatti sem verkefnið felur í sér. Því skorar stjórn SSV á ríkisstjórnina að framlengja gildistíma verkefnisins út árið 2022."

**12. Starfsmannamál**

Rætt um starfsmannamál

**13. Framlögð mál**

a. Fundargerðir annarra landshlutasamtaka
    i. Fundur í stjórn SSNV 02.11 2021
    ii. Fundur í stjórn SASS 08.10 2021
    iii. Fundur í stjórn SSNE 10.11 2021
b. Fundargerð frá fundi í Sambandi íslenskra sveitarfélaga 02.11 2021

Fundi slitið kl. 11.54

# Fundargerð 903. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2021, föstudaginn 26. nóvember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Gauti Jóhannesson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir. Í fjarfundarsambandi voru Heiða Björg Hilmisdóttir, Gunnar Einarsson, Rakel Óskarsdóttir og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Dóra Björt Guðjónsdóttir mætti í hennar stað. Kristján Þór Magnússon boðaði forföll, varamaður hans Gauti Jóhannesson mætti í hans stað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Fundargerð 902. fundar - 2101077SA**

   Lögð fram til staðfestingar fundargerð 902. fundar stjórnar sambandsins frá 29. október 2021.

   *Fundargerðin staðfest og undirrituð.*

2. **Fundir Jónsmessunefndar - 2101016SA**

   Lagðar fram fundargerðir 19. og 20. fundar samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 6. október og 10. nóvember 2021. Formaður og framkvæmdastjóri greindu frá því að nk. mánudag verði haldinn fundur í Jónsmessunefnd þar sem fjallað verður um fjármálastefnu nýrrar ríkisstjórnar.

3. **Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA**

   Lagðar fram fundargerðir 9. og 10. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 22. september og 10. nóvember 2021.

4. **Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2009015SA**

   Lögð fram fundargerð 68. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 29. október 2021. Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs gerði grein fyrir málinu.

   *Stjórnin áréttar, með vísan til 3. liðar fundargerðar verkefnisstjórnar um úrgangsmál, að mikilvægt er að hefja nú þegar undirbúning fyrir gildistöku lagabreytinganna og uppfæra svæðisáætlanir með hliðsjón af þeim og nýlega samþykktri stefnu um meðhöndlun úrgangs. Öll útboð sem framundan eru, er varða söfnun og aðra meðhöndlun úrgangs, þurfa að taka tillit til umræddra lagabreytinga.*

5. **Félagsþjónustunefnd sambandsins - 2009307SA**

   Lögð fram fundargerð 57. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 10. nóvember 2021.

   *Stjórnin samþykkir að sambandið sendi erindi til sveitarfélaga þar sem þau verði hvött til að huga að þeim stjórnsýslubreytingum sem breytt skipan barnaverndar gerir kröfur um. Jafnframt verði sveitarfélögum tilkynnt um að sambandið stefni að því að halda fræðslu- og kynningarfund um málið fyrir sveitarfélögin í desember, í samstarfi við félagsmálaráðuneytið.*

6. **Fræðslumálanefnd sambandsins - 2009079SA**

   Lögð fram fundargerð 136. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 10. nóvember 2021. Sérstök athygli var vakin á því að stefnt er að því að halda Skólaþing sambandsins 21. febrúar 2022.

   *Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga skorar á heilbrigðisráðherra að stíga inn og leysa þann ágreining sem hefur verið í viðræðum Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og starfandi talmeinafræðinga. Núverandi staða bitnar hart á hagsmunum skólabarna, sem ekki fá nauðsynlega þjónustu. Hratt fjölgar á biðlistum á sama tíma og starfsmöguleikar nýútskrifaðra talmeinafræðinga eru skertir með óraunhæfum kröfum. Fyrir liggur að ríkið hefur horfið frá slíkum kröfum í tilvikum annarra sérfræðistétta og sanngirnismál gagnvart fjölskyldum skólabarna að sama gildi um talmeinafræðinga. Minnt er á efni viljayfirlýsingar frá 7. september 2018, um aukið samstarf í þágu barna. Heilbrigðisráðherra ritaði undir þessa yfirlýsingu ásamt fleiri ráðherrum, auk sambandsins. Ekki verður annað séð en að framkvæmd SÍ á talmeinaþjónustu við skólabörn vinni þvert gegn þeim markmiðum sem yfirlýsingin stefnir að og sem fest voru í lög um samþættingu þjónustu í þágu barna sem Alþingi samþykkti þann 11. júní sl. Einboðið er því að horfið verði frá þeim einhliða skilmálum sem SÍ hefur sett fyrir greiðsluhlutdeild í talmeinaþjónustu, einkum því skilyrði að talmeinafræðingur afli sér tveggja ára reynslu áður en kemur til greiðsluhlutdeildar af hálfu ríkisins vegna veittrar þjónustu. Óhjákvæmilegt er að ráðherra taki nú þegar af skarið í þessu efni og setji hagsmuni barnanna í forgang með því að fella út þau skerðingarákvæði sem illu heilli voru sett inn í svokallaðan rammasamning. Ekki má verða frekari dráttur á stefnubreytingu varðandi starfsumhverfi talmeinafræðinga og að sérstaða þessarar mikilvægu þjónustu sé viðurkennd. Hlaupi enn meiri harka í samskiptin munu allir aðilar bíða tjón af, börn, fjölskyldur þeirra og skólasamfélagið í heild.*

7. **Staða kjaramála - 2109025SA**

   Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 23. nóvember 2021, um stöðu kjaramála í nóvember 2021. Sviðsstjóri kjarasviðs gerði grein fyrir málinu.

8. **Starfsáætlun stjórnar sambandsins - 2111026SA**

   Lögð fram drög að starfsáætlun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2022. Einnig lagt fram uppfært dagatal stjórnar fyrir árið 2022.

   *Stjórnin samþykkir fyrirliggjandi drög að starfsáætlun stjórnar sambandsins fyrir árið 2022. Einnig samþykkir stjórn uppfært dagatal stjórnar 2022.*

9. **Tilnefning í stýrihóp til að tryggja framkvæmd heildarstefnu í úrgangsmálum - 2110009SA**

   Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 28. október 2021, þar sem Eygerður Margrétardóttir, verkefnisstjóri í úrgangs- og umhverfismálum á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í stýrihóp til að tryggja framkvæmd heildarstefnu í úrgangsmálum, og Steinþór Þórðarson, framkvæmdastjóri Kölku sorpeyðingarstöð s.f., til vara.

10. **Tilnefning í matshóp varúðarsjóðs - 2111011SA**

    Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, dags. 9. nóvember 2021, þar sem Sigurður Á. Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins, Sigurrós Ásta Sigurðardóttir, sérfræðingur á áætlana- og uppgjörsskrifstofu Reykjavíkurborgar sem fer með teymisstjórn vegna uppgjöra hjá Reykjavíkurborg, og Dan Jens Brynjarsson, sviðsstjóri fjársýslusviðs Akureyrarbæjar, eru tilnefnd í matshóp varúðarsjóðs.

11. **Endurtilnefning í verkefnisstjórn vegna verkefnisins Starfsaðstæður kjörinna fulltrúa - 2106025SA**

    Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 10. nóvember 2021, þar sem Einar Freyr Elínarson, oddviti í Mýrdalshreppi, er tilnefndur í verkefnisstjórn vegna verkefnisins Starfsaðstæður kjörinna fulltrúa í stað Jóhanns Friðriks Friðrikssonar, sem beðist hefur lausnar sem fulltrúi sambandsins í verkefnisstjórninni.

12. **Umsögn um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu - 2111001SA**

    Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 1. nóvember 2021, um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu, mál nr. S-184/2021.

13. **Umsögn um reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1088-2013 um reykköfun - 2111005SA**

    Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 12. nóvember 2021, um reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1088/2013 um reykköfun, mál nr. S-202/2021.

14. **Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins - 2009042SA**

    Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 18. nóvember 2021, um 41. Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins sem fram fór dagana 26.-28. október 2021.

15. **Könnun sambandsins á ýmsum þáttum tengdum heimsmarkmiðum 12 og 13 - 2009224SA**

    Lagt fram til kynningar minnisblað verkefnisstjóra í úrgangs- og umhverfismálum á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, dags. 24. nóvember 2021, um könnun sambandsins á ýmsum þáttum tengdum heimsmarkmiðum 12 og 13. Framkvæmdastjóri vakti Athygli á málinu.

16. **Samræmdar merkingar úrgangstegunda - 2009210SA**

    Lagt fram til kynningar minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 24. nóvember 2021, um innleiðingu samræmdra norrænna merkinga fyrir flokkun og skil úrgangs.

17. **Styrkir til fráveituframkvæmda auglýstir til umsókna - 2104017SA**
Lögð fram til kynningar frétt á heimasíðu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins þar sem styrkir til fráveituframkvæmda eru auglýstir til umsókna.

Fundi var slitið kl. 14:43.

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Eyþór Laxdal Arnalds

Gunnar Einarsson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Bjarni Jónsson

Gauti Jóhannesson

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari

# Fundargerð 439. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2021, föstudaginn 12. nóvember kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Magnús Þór Ásmundsson, Pétur Ólafsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Ólafur Þór Snorrason.

Að auki sátu fundinn: Sesselía Dan Róbertsdóttir og Valur Rafn Halldórsson fundarritari sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Fundargerð 438. fundar - 2102001HA**

   Lögð fram til staðfestingar fundargerð 438. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 15. október 2021.

   *Fundargerðin samþykkt og verður undirrituð á næsta staðfundi.*

2. **Framkvæmdaþörf hafna - 2105002HA**

   Sesselía Dan gerði grein fyrir niðurstöðum skýrslunnar.

   *Stjórn hafnasambandsins þakkar fyrir kynninguna og felur Sesselíu að ganga frá lokaskýrslu m.v. umræður á fundinum og þau viðbótargögn sem stjórnarmenn ætla að taka saman varðandi orkuskipti í höfnum.*
   *Einnig samþykkt að senda skýrsluna á aðildarhafnir og fjölmiðla þegar hún er tilbúin.*

Sesselía Dan Róbertsdóttir vék af fundi kl. 12:00.

3. **Rafvæðing hafna - 2110001HA**

   Formaður skýrði frá fundi fulltrúa hafnasambandsins með starfshópi stjórnvalda um orkuskipti.

4. **Samstarfsnefnd Fiskistofu og hafnasambandsins - 2009013HA**

   Formaður greindi frá fundi sem hann átti með fulltrúum Fiskistofu en þar kom fram beiðni stofnunarinnar um að hefja aftur samstarf milli hafnasambandsins og Fiskistofu.

   *Stjórn hafnasambandsins tekur jákvætt í það að endurvekja samráðsnefnd Fiskistofu og hafnasambandsins enda mikilvægt að það sé gott samstarf og samvinna þar á milli. Stjórn samþykkir að tilnefna Pétur Ólafsson frá Hafnasamlagi Norðurlands og Guðmund M. Kristjánsson frá Höfnum Ísafjarðarbæjar í samráðsnefndina.*

5. **Fyrirspurn um starfsemi sláturskipa - Norweigan Gannet - 2009008HA**

   Lögð fram fyrirspurn Vesturbyggðar og Tálknafjarðahrepps til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 14. október 2021 vegna sláturskipsins Norweigan Gannet í október 2021, þar sem 500 tonnum af eldisfisk var dælt úr kvíum í Tálknafirði og siglt með beint til Danmerkur til vinnslu og pökkunar. Einnig lögð fram svör ráðuneytisins um starfsemi sláturskipa í fiskeldi dags. 4. nóvember 2021. Samkvæmt svörum ráðuneytisins er ekki fjallað um starfsemi sláturskipa í fiskeldi í ákvæðum íslenskra laga en á grundvelli 37. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 veitti Matvælastofnun heimild fyrir komu sláturskipsins á grundvelli jákvæðrar umsagnar fisksjúkdómanefndar, þar sem talið var sannað að smitefni bærust ekki með skipinu sem valdið geta dýrasjúkdómum.

   *Stjórn Hafnasambands Íslands lýsir yfir áhyggjum af notkun og starfsemi sláturskipa í fiskeldi og þeirra neikvæðu áhrifa sem þau hafa á rekstrarumhverfi hafna. Notkun slíkra skipa skerðir verulega tekjumöguleika þeirra hafna þar sem eldisfisk er dælt til slátrunar og vinnslu en á sama tíma gera eldisfyrirtækin kröfu um góða hafnaraðstæður og að þjónusta sé til staðar. Stjórn hafnasambandsins hvetur til þess að starfsemi og notkun sláturskipa í fiskeldi verði sérstaklega tekin til skoðunar og sett verði skýr ákvæði í lög og reglugerðir um starfsemi og notkun sláturskipa hér við land. Samhliða þeirri vinnu verði horft til endurskoðunar á ákvæðum hafnalaga nr. 61/2003 vegna fiskeldis, sem hafnasambandið hefur hvatt til að verði endurskoðuð (umsögn hafnasamband Íslands 31. ágúst 2020).*

6. **Þingmál - 2111001HA**

   Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 15. júní 2021, um yfirlit um afgreiðslu þingmála á vorþingi 2021.

   *Samþykkt að láta útbúa minnisblað um breytingar sem hafa orðið á lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana (dýpkunarframkvæmdir) og leggja fram á næsta fundi.*

Fundi var slitið kl. 12:50

Lúðvík Geirsson

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Magnús Þór Ásmundsson

Pétur Ólafsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Björn Arnaldsson

Ólafur Þór Snorrason

Valur Rafn Halldórsson

**Hellissandur 29.11.2021**

**Erindi til bæjarstjórnar.**

Sæl öllsömul og kærar þakkir Kristinn, Ragnar og Valgerður fyrir góðan og lærdómsríkann fund með mér og Páli, þann 18. nóvember síðastliðinn.

Eins og þar kom fram eru ýmis atriði sem huga þarf að áður en verkefnið kemst á næsta stig. Krossavík er viðkvæmt svæði í hugum og hjörtum bæjarbúa en hafa ber í huga að það er ekki ósnert. Þarna voru áður tugir bygginga og mikil hafsækin starfsemi þannig að fordæmið er sannarlega til staðar. Verkefnið myndi vissulega kalla á breytingu á deili- og aðalskipulagi Snæfellsbæjar og þannig breytingar kalla á umsagnir ýmissa aðlila eins og þið vitið.

Við hinsvegar ekki aðgerðalausir heldur erum farnir af stað í útreikninga á því hversu mikil rafmagns- og vatnsþörf verkefnisins er og það var gott að heyra að í næsta nágrenni eru lagnir sem vonandi geta nýst okkur. Einnig erum við að huga að lausnum varðandi rotþró og fráveitumálin. Varmadælu-kerfið er okkur efst í huga og sem betur fer höfum við góða sérfræðinga í okkar liði sem veita okkur ráðgjöf í þeim málum. Eins og málin standa núna teljum við lokað kerfi með rör plægð ofan í Kópatjörn besta kostinn. Kerfi sem slíkt yrði nánast ósýnilegt og myndi skilja lítil sem engin ummerki eftir sig. Það er okkar skoðun að Kópatjörnin sé lang öruggasti kosturinn þar sem litlar líkur eru á skemmdum vegna öldugangs á því svæði.

Að nýta Krossavík og þessa gömlu höfn með nýrri starfsemi sem þessari er draumur sem við teljum að geti orðið að veruleika og muni þá auka lífsgæði íbúa svæðisins til muna. Auk þessarar lífsgæðaaukningu mun baðstaður sem þessi hafa mikil og jákvæð áhrif á atvinnulífið í Snæfellsbæ. Krossavík verður vinnustaður fyrir 15-20 manns og auðvelt er að færa rök fyrir því að Aðlaðandi og vinsælt sjólón í Krossavík muni einnig skapa grundvöll fyrir meiri þjónustu og fleiri störf hjá aðilum kring.

Við óskum hér með eftir formlegu samstarfi við bæjarstjórn Snæfellsbæjar um að stilla upp með okkur þeim forsendum og því ferli sem fara þarf í gegnum til að láta reyna á leyfisveitingu fyrir þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er af hálfu Sjóbaðanna í Krossavík.

Okkur þætti vænt um að heyra frá ykkur fljótlega um það hver væru næstu skref okkar í málinu, því við erum ekki með neina reynslu af ferli sem þessu.

Með vinsemd og virðingu og von um jákvæð viðbrögð,

Kári Viðarsson.

## Lilja Ólafardóttir

**From:** Einar M Gunnlaugsson <einarmg15@gmail.com>
**Sent:** þriðjudagur, 16. nóvember 2021 08:14
**To:** Lilja Ólafardóttir
**Subject:** Menningarnefnd

Sæl Lilja.
Hér með óska ég eftir þvi að víkja úr menningarnefnd af personulegum ástæðum.
Ég hef þegar greint Erlu og Diddu um af sögn mína.
Óska ég þess að ósk mín taki gildi strax.

